



Styrkir til háskólanema á vegum sjávarútvegsklasa Vestfjarða

Markmiðið er að styrkja lokaverkefni sem skapa aukin verðmæti úr sjávarauðlindinni samhliða eflingu atvinnulífs á Vestfjörðum.

Nemendur á framhaldsstigi háskóla í öllum háskólum á Íslandi geta sótt um styrk. Auk styrksins munu fyrirtækin í sjávarútvegsklasa Vestfjarða veita upplýsingar, miðla af reynslu og útvega hráefni, upplýsingar og aðstöðu eins og þörf er á hverju sinni. Það mun gefa nemendum góða innsýn inn í spennandi ný verkefni í vestfirskum sjávarútvegi.

Valin verða 5-8 lokaverkefni og hægt er að sækja um styrk á bilinu 250.000-750.000 kr eftir verkefnum. Skilafrestur er 1. júní 2021.

Markmiðið með háskólaverkefnunum er að:

- Hvetja til nýsköpunar.
- Skapa ný og eftirsóknarverð störf í sjávarútvegi eða tengdum greinum á Vestfjörðum.
- Afla þekkingar byggðum á vísindalegum grunni um sjávarbyggðir Vestfjarða.

Hér er opið fyrir masters- og doktorsnema að vinna að verkefnum í náttúru-, og tæknigreinum sem og í viðskipta – og félagsvísindum í tengslum við sjávarútveg. Það er því mjög breytt svið fræðigreina sem geta komið að þessum verkefnum.

Umsókn upplýsingar

Umsóknin er rafræn og hægt er að nálgast hana á verkefnasíðunni „Hafsjør af hugmyndum“

Það sem þarf að koma fram í umsókninni er eftirfarandi.

1. Nafn umsækjanda, kennitala og netfang
2. Lýsing á verkefninu
3. Námsstofnun
4. Samstarfsaðilar í verkefninu
5. Markmið með verkefninu
6. Lýsing á bakgrunni þátttakenda og samstarfsaðila þeirra ef við á
7. Hverskonar samstarfsaðila er óskað eftir í formi hráefnis, aðstöðu eða sérfræðiaðstoðar?
8. Upphæð sem sótt er um

9. Hvernig mun verkefnið efla sjávarútveg á Vestfjörðum?
10. Hvernig mun verkefnið styrkja vestfirskt samfélag?
11. Framkvæmdaáætlun
12. Tímaáætlun
13. Fjárhagsáætlun

Matshópur

Matshópur mun lesa yfir umsóknir nemenda ásamt fulltrúa frá Háskólasetri Vestfjarða og velja verkefnin.

